

Stofnfundur þverfræðilegs rannsóknarverkefnis um áhrif siðaskiptanna á íslenska kristni, samfélag og menningu.

Haldinn í stofu HT101 á Háskólatorgi þriðjudaginn 6. desember 2011.

Þrjátíu manns sátu fundinn og hugmyndaping sem haldið var á undan honum. Arnfríður Guðmundsdóttir formaður stjórnar Guðfræðistofnunar stýrði fundi og Hjalti Hugason, stjórnarmaður Guðfræðistofnunar, kynnti tillögur sem fyrir fundinum lágu. María Ágústsdóttir ritaði fundargerð. Fylgt var dagskrá sem send var út í vikunni á undan.

1. Staðfesting á heiti verkefnis.

Samþykkt var heitið: „Siðaskipti í sögu og samtíð. Þverfræðilegt rannsóknarverkefni um áhrif siðaskiptanna á íslenska kristni, samfélag og menningu“.

Vinnuheiti verður „2017.is“ sem er einnig slóð að heimasíðu verkefnisins sem tekin verður í notkun síðar.

2. Hýsing verkefnis.

Samþykkt var að verkefnið verði hýst við Guðfræðistofnun Háskóla Íslands.

3. Staðfesting á viðfangsefni.

Samþykkt var eftirfarandi lýsing á viðfangsefni verkefnisins: Þverfaglegar rannsóknir á lúthersku siðaskiptunum og áhrifum þeirra á sviði kristni, samfélags og menningar í víðum skilningi. Verkefnið skal bæði hafa sögulega vídd og samtímalega skírskotun. Verkefnið skal rúma viðangsefni sem lúta bæði að innlendum og erlendum málum.

4. Stýrihópur.

Skipuleggja almenna starfsemi á vegum verkefnisins.

Skipuleggja atburði á vegum verkefnisins (viðmið einu sinni á misseri)

Vera fulltrúum Guðfræðistofnunar til ráðuneytis við strykjaumsóknir og fjármögnun.

Skipuleggja samstarf við aðra aðila: Sögufélag, Glímuna o.fl.

Kjör þriggja félaga.

Samþykkt var að auk Arnfríðar Guðmundsdóttur og Hjalta Hugasonar frá Guðfræðistofnun skipi þau Erla Hulda Halldórsdóttir, Auður Styrkársdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson stýrihóp verkefnisins.

5. Vinnulag.

Vinnulag er í mótun og gott að gefa því tíma að vaxa fram á vormisseri. Hjalti Hugason lagði til að bæði verði myndaðir þemahópar þeirra sem telja sig sjá fram á frjótt samstarf á milli verkefna og eins starfi hópurinn sem heild. Þarna er frumkvæði hvers og eins mikilvægt.

Spurt var um miðlun upplýsinga og því svaraði Hjalti á þá leið að vefsvæði væri í undirbúningi. Þá var spurt um sendingu tölvuskeyta á milli fólks og sagði Hjalti einfalt má að senda nafna- og netfangalista til notkunar innan hópsins. Var það samþykkt.

6. Samþykkt á yfirlýsingu vegna birtinga.

Nokkur umræða var um eftirfarandi yfirlýsingu sem Hjalti lagði til að yrði samþykkt:

„Höfundar eru frjálssir að birtingum á rannsóknum sem unnar eru á vettvangi verkefnisins. Óskað er að getið sé tengsla við það á þann hátt sem eðlilegt er hverju sinni (í inngangi, neðanmálgrein eða með öðrum hætti). Þá skal stýrihópur upplýstur um birtingar. Skal hann halda skrá yfir útgáfurnar“. Hjalti lagði áherslu á að auðvitað yrði fræðilegt frelsi virt og hvert og eitt frjálst að sínum birtingum en gagnlegt gæti verið fyrir verkefnið ef hægt væri að halda birtingum til haga.

Sammælt var um að hafa yfirlýsingu þessa að leiðarljósi þó ekki bæri að skoða hana sem bindindi.

7. Önnur mál.

Rætt var um hugsanleg tengsl verkefnisins við áttak sem þjóðkirkjan hyggst hleypa af stökkunum til að minnast siðaskiptaafmælisins sbr. samþykkt Kirkjubings 2011.

Ákveðið að sjálfstæðis og akademísku frelsis verkefnisins verði gætt og ekki koma til samvinnu við ofangreint áttak kirkjunnar nema á grundvelli sérstakrar samþykktar það að lútandi.

Að stofnfundi loknum var boðið upp á léttar veitingar í aðalbyggingu í boði Guðfræðistofnunar.